

## Umsögn Flóahrepps

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS;Skipulagsstofnun - SLS  
Frá : Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>  
Heiti : Umsögn Flóahrepps  
Málsnúmer : 202102083  
Málsaðili : Orkugerðin ehf.  
Skráð dags : 10.02.2022 11:46:43  
Höfundur : Eydís Þ. Indriðadóttir <eydis@floahreppur.is>  
Viðhengi image001.jpg

Til Skipulagsstofnunar

Sveitarstjórn Flóahrepps afgreiddi umsagnarbeiðni vegna aukningar á framleiðslumagni Orkugerðarinnar á 258. fundi sínum dags. 08.02.2022 með eftirfarandi bókun:

### **„Erindi frá Skipulagsstofnun - umsagnarbeiðni - Orkugerðin**

*Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

*Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps um þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf. úr 7.000 tonnum af hráefni í 14.000 tonn á ári.*

*Sveitarstjórn Flóahrepps telur að innan framlagðrar fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.*

*Sveitarstjórn telur að uppbygging á grundvelli fyrirspurnar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og/eða framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.*

*Samþykkt með 4 atkvæðum.“*

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Eydís Þ. Indriðadóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur  
Þingborg  
803 Selfoss  
[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)  
[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)  
Sími: 480 4370

---

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** miðvikudagur, 2. febrúar 2022 09:06

**To:** Eydís Þ. Indriðadóttir ; Sveitarstjóri Flóahrepps ; [hs@hsl.is](mailto:hs@hsl.is) ; Sigrún Guðmundsdóttir ; Land.is - LAND ; Matvælastofnun MAST ; Móttaka - NI ; Snorri Sigurðsson - NI ; Umhverfisstofnun ([ust@ust.is](mailto:ust@ust.is))

**Subject:** Orkugerðin - umsagnarbeiðni

Til: Flóahrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslunnar, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Orkugerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 1. febrúar 2022, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að umsagnaraðilar gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort þér teljið að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þurfi að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila fylgir í viðhengi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **3. mars 2022** á tölvupóstföngin: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [sigurdur@skipulag.is](mailto:sigurdur@skipulag.is). Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send í tölvupósti.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



Skipulagsstofnun



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun**  
**b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

Selfossi, 28. febrúar 2022

2202010HS ÁÓS

Sent á: [sigurdur@skipulag.is](mailto:sigurdur@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

**Efni: Orkugerðin – umsögn**

Þann 2. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, ásamt fyrirspurn um matsskyldu, frá verkfræðistofunni Eflu, dags. 27. desember 2021. Þar er óskað eftir umsögn embættisins um breytingu á starfsleyfi Orkugerðarinnar ehf. að Heiðargerði í Flóahreppi.

Um er að ræða fyrirhugaða aukningu við framleiðslumagn Orkugerðarinnar ehf. Í stað þess að taka á móti allt að 7.000 tonnum af hráefni, á ári, eins og heimild er fyrir í starfsleyfi verksmiðjunnar í dag, verði gert ráð fyrir að framleiða úr allt að 14.000 tonnum, af hráefni, á ári.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda fyrirspurn og gerir ekki athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á staðnum og vöktun á framleiðsluferlinu, ásamt vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Komið hafa fram kvartanir um lyktarmengun, frá verksmiðjunni en markvisst hefur verið unnið að því að draga úr lyktaráhrifum frá starfseminni. Með lengri keyrslum verður framleiðslan stöðugri og hættan á lyktarmengun minnkar. Jafnframt er fyrirhugað að setja upp lyktareyðingarbúnað þar sem lyktarefnum verður eytt með ósoni.

Umhverfisstofnun hefur tekið við eftirliti með Orkugerðinni. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur því ekki lengur eftirlit með fyrirtækinu.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Ágúst Óskar Sigurðsson  
heilbrigðisfulltrúi

\* Rafræn skilríki

Undirritað af: Ágúst Óskar Sigurðsson

Kennitala: 0108597199

Tími: 28.02.2022 16:28

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign



Skipulagsstofnun  
Bt. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 3. mars 2022

**Efni: Ósk um fyrirspurn um matsskyldu vegna Orkugerðarinnar**

Landgræðslunni barst til umsagnar fyrirspurn um matsskyldu vegna Orkugerðarinnar. Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við fyrirspurn um matsskyldu vegna Orkugerðarinnar en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,  
sérfræðingur

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 28. febrúar 2022  
Tilvísun: 2202042

## Efni: Umsögn vegna frummatsskýrslu Skipulagsstofnunar - Orkugerðin/Flóahreppur


Vísað er í erindi dagsett 02.02.2022 þar sem óskað er eftir umsögn vegna frummatsskýrslu Skipulagsstofnunar fyrir Orkugerðin, Flóahreppi.

Í inngangi er talað um að kjötmjölsverksmiðjan framleiði próteinmjöl. Hið rétta er að hún framleiðir kjötmjöl og fitu. Hráefni framleiðslunnar eru **aukaafurðir dýra** sem falla til í sláturhúsum og kjötvinnslum. Það er mikilvægt að talað sé um þessi efni sem **hráefni** en ekki úrgang.

Það kemur fram í skýrslunni að lífill úrgangur falli til við vinnsluna. Vinnsla aukaafurðanna í kjötmjöl og fitur fer fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar 674/2017 sem innleiddi aukaafurðareglugerðir EB. nr. 1069/2009 og 142/2011.

Gerð er athugasemd við kafla 2.7 Leyfisveitingar, en þar er aðeins sagt að Orkugerðin sé með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, en látið hjá líða að fyrirtækið starfi samkvæmt samþykki (leyfi) Matvælastofnunar og ber samþykkisnúmerið A250. Án þessa samþykkis mætti Orkugerðin ekki selja frá sér afurðir. Matvælastofnun telur því mikilvægt að þessi leyfisveiting komi fram í matsskýrslunni. Taka má fram að allt hráefni sem flutt er til verksmiðjunnar skal vera í lokuðum og lekaheldum flutningstækjum (gámum).

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar



Jarle Reiersen  
Héraðsdýralæknir Suðausturumdæmis

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. mars 2022  
Málsnúmer: 202202-0006  
SS

**Efni: Umsögn um matskyldu aukningar á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf.**

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 2. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort aukning á framleiðslumagni Orkugerðarinnar ehf. í Flóahreppi eigi að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurn Orkugerðarinnar ehf. um matskyldu. Þeir umhverfisþættir sem eru líklegastir til að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar samkvæmt fyrirspurninni eru umferð, hljóðvist, grunnvatn/viðtaki fráveituvatns, losun í andrúmsloft og lykt og samfélag. Framkvæmdin er ekki talin hafa bein áhrif á umhverfisþætti sem tengjast helst fagsviði Náttúrufræðistofnunar s.s. lífríki og jarðminjar, enda engar breytingar að verða á mannvirkjum eða landnotkun og því ekkert rask sem verður af framkvæmdinni.

Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun sig ekki hafa nægjanlegar forsendur til að meta á heildstæðan hátt með tilliti til allra umhverfisþátta sem fjallað er um í fyrirspurninni, hvort framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum, en vill koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Það er einna helst mengun frá framleiðslunni sem getur ógnað lífríki, sérstaklega í ferskvatni. Með þeirri framleiðsluaukningu sem áætluð er, sem er tvöföldun á núverandi framleiðslu, er augljóst að mikil aukning verður á magni frárennslis. Mikilvægt er að kröfur í starfsleyfi um hreinsun og notkun úrgangs frá framleiðslunni séu uppfærðar í samræmi við þessa aukningu og vísar í því tilliti til umsagna Umhverfisstofnunar og annarra umsagnaraðila sem sinna eftirliti með fráveitu og mögulegri mengun frá starfsemi. Einnig er mikilvægt að uppfæra kröfur um eftirlit með losun mengandi lofttegunda við brennslu eins og við á.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands





UMHVERFIS  
STOFNUN

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
Borgatúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2022  
UST202202-017/A.Þ.  
08.10.00

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - Orkugerðin - framleiðsluaukning**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin sem hér um ræðir og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. tölulið 6.5 í viðauka I í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Málshraðaviðmið stofnunarinnar vegna útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar frá móttöku fullnægjandi umsóknar.

### **Framkvæmdarlýsing**

Orkugerðin ehf. (hér eftir nefnd rekstraraðili) rekur kjötmjölsverksmiðju við Heiðargerði í Flóahreppi, skammt frá Selfossi. Í verksmiðjunni eru framleidd próteinmjöl og fita úr dýraleifum. Próteinmjölið er notað sem áburður til uppgræðslu og fitan er notuð sem eldsneyti til orkuframleiðslu í verksmiðjunni og hluti af henni er seldur úr landi til lífdísselframleiðslu.

Í núgildandi starfsleyfi sem gefið var út árið 2019 er heimild til framleiðslu á 7.000 tonnum af próteinmjöli og fitu á ári. Fyrirhugað er að auka framleiðsluna í 14.000 tonn af hráefni á ári en ástæða fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar er aukin eftirspurn eftir móttöku og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þar sem urðun á honum verður takmörkuð í framtíðinni.

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að framleiðsluaukningin mun ekki hafa í för með sér miklar breytingar á verksmiðjunni. Notast verður við sama búnað og húsakost og framleiðsluaukningin mun að mestu nást með lengri keyrslutíma.

### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að þeir þættir umhverfisins sem líklegastir eru að verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar eru umferð, hljóðvist, grunnvatn/viðtaki fráveituvatns, losun í andrúmsloft, lykt og samfélag. Neikvæð áhrif eru talin óveruleg á þessa þætti. Framkvæmdin er talin hafa verulega jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem starfsemin styður við hringrásarhagkerfið.



## Lykt

Umhverfisstofnun telur að möguleg neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar séu fyrst og fremst lykt.

Í tilkynningarskýrslu segir að á síðustu árum hafi verið unnið markvisst að því að draga úr lyktaráhrifum, verkferlar hafi verið uppfærðir og áhersla lögð á ferskleika hráefnisins sem berst verksmiðjunni. Gerðar hafa verið endurbætur á búnaði og unnið er að uppsetningu á lyktareyðingarbúnaði þar sem lyktarefnum í útblæstri verður eytt með ósoni (ósontæki). Unnið er að uppsetningu ósontækisins. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að fjárfest hafi verið í auknum hreinsibúnaði og hvetur rekstraraðila til að ljúka uppsetningu hans sem fyrst.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hráefni sé ferskt og unnið sé hratt úr því eins og fram kemur í skýrslunni. Þá telur stofnunin að afkastaaukningin gæti, ef vel er staðið að málum, jafnvel verið til bóta í þessu sambandi.

## Móttaka hráefnis

Umhverfisstofnun bendir á að við gerð starfsleyfis verður óskað eftir upplýsingum um þann tíma sem líður frá móttöku hráefnis þar til vinnsla hefst en því styttri tími því betra. Ef mögulegt er, væri gott að hlutfall hráefnis sem kemst í vinnslu innan 24 tíma frá móttöku lægi fyrir. Einnig þarf að vera ljóst hvaða kröfur eru gerðar til birgja um að senda efnið ferskt.

Stofnunin bendir á mikilvægi þess að lóðinni sé haldið hreinni og þrifalegri í kringum verksmiðjuna og að vel sé staðið að hráefnismóttöku.

## Úrgangur

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að áætlað magn óflokkaðs úrgangs til förgunar er um 5.000 kg. Stofnunin vekur athygli á að ekki kemur fram um hvaða tímaeiningu ræðir.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og telur að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Sigurður Ingason  
sérfræðingur